

Gert 19 maí 2016

The Kinks og The Who voru líka til.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign.
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tekið fram.



Hugleiðing höfundar

Happ? Hver vill ekki það fyrir sitt líf? Allt happ er samt erfitt að ráða við né vita hvenær sé í hendi. Það bara kemur. Stundum kemur fyrir að alls ekkert happ komi heldur andhverfa þess óhapp eða óheppni. Hvernig sem það allt saman birtist fólki neita því fáir að sumt fólk sé heppnara í lífinu en annað án neinna beinna skíringa á hví sé. Rekur misjafn reki á fjörur fólks. Allir fá samt sitthvað til að móða úr sem göfgar lífið, fegrar og gefur af reynslu sem gagnast. Segja má með nokkurri sanni að allt sem skeður og rétt er unnið úr umbreytist í happ sem tíminn leiði fram.

Margt er vitað og sumt áfram gáta og margar spurningar vakna um hví og svo framvegis. Ein spurningin gæti verið hve sumir menn þurfi að hafa mikið fyrir lífi sínu og tilveru en aðrir minna, að séð verður. Samt má efast um að til sé eitt mannsbarn sem viðurkenni að allt bara hafi gengið upp hjá því eins og að skrúfa frá vatnskranana heima með orðunum: "Hérna! Eigðu þetta". Þannig eru málin nú ekki vaxin hjá obba fólks. Ekki heldur í ranni ríkra. Margir ríkir gera sér grein fyrir alvöru lífsins og vilja að afkvæmi sín skilji allt svona með sér og læri að hafa fyrir ýmsu bara til að sjá sjálft hvað líf sé, að er barátta. Af ríkum komin merkir ekki sama og ofdekraður. Ofdekraðan og skemmdan af ofdekri er hvarvetna að finna.

Silfurskeiðin í munni ku vera í húsi ríkidæmisins og eignað fólki sem fæðast inn í fjölskyldumunstur ríkra þó sumir tali um allt svona sem heppni. Þetta fólk hefur ekki gleymt að fólkið með "silfurskeiðina í munni" þurfi líka að hafa fyrir ýmsu þó máski fjárhagar sé með öðrum hætti en hjá flestu okkar. Glíma þessara einstaklinga felst í öðrum en er samt til staðar og oft í engu vægari en hjá öðrum einstaklingum og án minnsta aflsáttar. Til að mynda í tilvikum andlegra glíma við eigin huga tilkomnar af orðum sem meiddu eða urðu til án grunns og bara í hugarum og eru því tilbúningur frá rótum sem bæði hár og lár, ríkur og fátækur heyr harða glímu við? Svona er fólk. Á sumum sviðum

lífsins er ekki tekið tillit til fjárhags. Menntu eru sem sjá jafnari en oft lítur út fyrir og er ágætt að hafa í huga.

Svo hitt sem líka er áhugavert að skoða að lífið á jörðinni þarf ekki allt að vera merkt fátæku fólki og hálfgerðri örbyrgð og vesaldómi þar sem engum er það heimilt að eiga ríflega til hnífsins og skeiðarinnar. Í öllu svona spilar heppni stærri rullu en menn oft gera sér grein fyrir.

Sumt í veröld vorri bíður fólki að koma fram með eigið handverk. Sumir hafa heppnina með í för og byrja að efnast og að þéna vel.

Sumir í listum þekkja þetta og hafa sitt happ í hendi og náð að geta sér nafn í heimi listarinnar og verða öðrum listamönnum hvatning um að halda sínu striki. The Beatles urðu mörgum öðrum gríðarleg hvatning. Og fólkið steig fram og náðu árangri. Hæfileikarnir eru fyrir hendi þó heppnin láti bíða eftir sér. Gott er að getað fagnað með honum og henni sem vel gengur hjá. Öfund er lík skugga sem skyggir á sól.

Allt sem gert er krefst vinnu. Af verkslokum kemur í ljós hvort heppnin birtist eða systir hennar Óheppni mæti.

Heppni birtist með ýmsum hætti og líka í happadrættisvinninginum. En hver var undafari happadrættisvinningsins annar en miðin sem verslaður var? Sjá má að heppni fylgir alltaf verki. Sé ekki verk er ekkert fyrir heppnina til að vitja um né veita verðlaun fyrir? Ein og sér gengur góð hugmynd ekki heldur sýnilegt handbragð sem hefur verið klárað. Og þau eru út um allt.

Manneskja sem sögð er fæðast með silfurskeið í munni og hafi aldrei dýft hendi í kalt vatn á lífsferlinum er að áliti höfundar ekki til nema í skáldsögum og munnmælum. Skáldsöguna fer höfundur með hvert sem hann sjálfur vill og lætur gerast hvar sem honum sjálfum þóknast og hefur fullt leyfi til. Öndvert við munnmælin sem æða stjórnaust um og ekkert fæst ráðið við. Skáldskapur er í fæstum tilvikum

merktur haldgóðum staðreyndum þó höfundar sem vilja láta taka mark á sér lýsi atburðum með raunverulegu ívafi: "Jú, þetta gæti hafa gerst svona"- segja menn. Fólk er ekki hrifið af bulli. Að ýmsu þarf sem sjá má að hyggja er kemur að þætti hverskyns listsköpunar. Heilbrigð mörk og viðmið eru alltaf best í öllu er snýr að list, er alltént álit höfundar. Að valda vel sinni hugmynd er betra en hin hugmyndin sem fólkið hefur ekki nógu góða stjórn á. Slík þarfnast meiri yfirlegu. Þó má vera að heppnin gerði vart við sig með hana. Enda óútreiknanleg og mesta ólíkindatól.

List sem orðin er opinber byggir mest á heppni án þess að neitt sé skorið úr um nein gæði þar. Þetta gildir líklega mest um tískubólurnar sem koma og fá gert heppna höfunda að millum og billum og allt fer að snúast um í samfélögum sem menn, ákveðin hópur, vilja eignast. Tíminn sker úr um öll gæði og ýtir vægðarlaust einni og annarri bólunni aftur út sem þó náði að gefa af sér góðan arð og ávinning.

Sama gildir um munnmælin. Þau hirða ekki alltaf um rétt og rangt en fljúga samt milli eyrnafólks án staðfestingar. Hér má máski tala um óheppni. Þarna gæti sagan verið hjálpleg og upprifjun sem fær slegið margt út af borðinu. Vont er þegar fólk sem borið er röngum sökum fær ekki uppreisn æru fyrir en mörgum áratugum eftir andlát sitt. Samt er það skárri en ekkert upp á alla afkomendur að gera sem árum saman lifðu við Gróusöguna en öðlast við sannleikann ró. Og fjölskyldan kemst í skjól af sannleikanum. Hér má sjá bæði óheppni og heppni.

Erfitt er að ráða við hvað veki áhuga fjöldans og hvað hreinlega komist á blað og hverju hafnað. Sumt mun aldrei ná upp á dekk þó í fullkomnu lagi sé og listinni til mikils sóma hvar sem væri en gerir ekki vegna heppninnar sem fann ekki listaverkið.

Fyrir gæti komið að menn höfnuðu heppninni er hún mætir í teitið. Stendur viðkomandi þá andspænis ákveðnum raunveruleika án þess kannski alltaf að skynja hvað er á ferð og sér heldur ekki að sé sér

ætlað. Það er svo margt skrítíð í lífinu og viðbrögð manna allskonar er kemur að stóru stundinni. Flestir fagna á meðan aðrir fyllast skelfingu og líst ekki nema í meðallagi á blikuna né hvað þeir séu að koma sér út í. Allt til í þessu.

Vinkonurnar "Heppni og Óheppni" eru á kreiki og furðu oft sem þær stöllum droppa við og geri fólk annaðhvort ofsaglatt eða útúrfúlt sem veröldin hrundi hjá. Um sumt ráðum við akkúrat engu. Heppni er eitt af þessu. Tökum dæmi af meðlimum The Beatles er kom að trommuleikara skiptunum í bandinu og inngöngu Ringo Starr er bandið stóð á þröskuldi heimsfrægðar. Sumir sjá þarna systurnar "Heppni og Óheppni." Eftir því á hvorn einstaklingin þeir horfa. Undir þetta má taka. Allavega úr fjarlægð. Mundi ég sjálfur vilja heimsfrægð? Æ, ég er ekki viss. Nei, ég held ekki.

Heppni drepur niður fæti hvar sem hún sjálf vill og tengir sig lífi einstaklinga. Hvað með ástina sem greip karl og konu og úr varð hjónaband sem entist á meðan bæði lifðu? Vel má sjá heppni í slíkum ráðhag. Sumir gripu ekki tækifærið og bera jafnvel alla ævi og upplifa sig sjálfa aldrei nema hálfu menn og skynja svo vel að hinn helming sinn skorti. Ekki gott en hlutskipti sums fólks. Heppni og óheppni eru út um allt.

Listahéimurinn er fullur af heppnu fólki og hinu sem er ekki eins heppið þó með list sé í sínum fórum sem gott handbragð er á en kemst samt ekki upp úr skúffum og geymslum þó sómdí sér á hvaða vegg sem væri og gerði glæsilegri með sig hangandi þar.

Hér er það sem þáttur vonar kemur til sögu. Svo gæti farið að heppnin berði á dyrnar og geymd listin kæmist í verðskuldaðar álnir. Slíkt hefur oft gerst eftir að menn urðu þekktir. Þá byrji aðrir að grafast fyrir um hvað fólkið hafi í gegnum tíðina verið að fást við á sínu sviði. Og rykið er burstað af skúffu- og geymslu- verkunum og þeim umbreytt í arð eiganda sínum. Heppnina eigrar hvíldarlaust um og knýr dyra hvar sem henni lýst. Og gamla draslið verður verðmæti.

Rétt er það að auglýsingaherferðir séu hið algenga kringum list. Þær samt gefa engum neina tryggingu. Fyrir kemur að fé sem fer í slíka herferð skili ekki árangri. Ekkert fast í hendi.

Heppni er ekki bara tengt list og þeim sem iðki og stundi listir og listsköpun. Heppni gildir fyrir allt lífið og hittir fyrir hvert mansbarn.

Sumir lifa betri daga en aðrir af því einu að vera hyggið fólk sem tókst á við það sem við blasti og leysti verkefni áður en verra hlaust af. Þetta fólk má telja til hinna heppnu eftir að hafa leyft viskunni að starfa með sér sem allir vita að er ekki sjálfgefið val. Allir geta verið sammála um að hyggni felist í að grípa tímanlega inn í. Öllu má bjarga séu rétt á málum haldið. Einnig hér má tala um heppni. Sumt, líklega flest, sem fór á versta veg gerðist af of langri bið.

Nóg um það og snúum okkur að næsta viðfangi.

The Kinks



--- Höfundur að hugsa upphátt.

Sjöundi áratugurinn var blómlegur hafnirsku ungvíði hjá þeim parti sem komin var til vits og ára. Margt um að vera og ekki bara kringum leiki og ærsl hverskonar heldur líka út í hinum stóra heimi vegna alls sem þar gerðist í veruleika tóna og hljóma. Þrátt fyrir ungan aldur voru menn þó furðanlega vel með á nótunum hvað væri að gerast þó ekkert væri símtækið til að styðjast við og hið eina sem flutti fréttir kom með dagblaðinu sem að morgni hvers dags var borið heim og það lesið sem vakti áhuga. Hin aðferðin sem nothæf þótti kom gegnum þessa einu útvarpsrás sem var í loftinu og flutti nokkrum sinnum á dag

fréttir og stundum Bítlatengdar og fékk ung eyru í námunda við tækið til að staldra við og "ussa" á alla í kring til að fá heyrt öll orðin.

Þrá okkar flestra var að fá meira af dægurlögum þó væri á kostnað allra símfóníanna í "C" sem að okkar álitni ómuðu of oft og sagt að væri til að mæta þörfum sem flestra hlustenda en manni samt fannst að væri þarna bara alltaf. Lengi var von á einum með þáttum eins og "Óskalögum Sjúklinga" á laugardagsmorgnum, "Ósaklögum Sjómannanna" á fimmtudögum klukkan 14.00? Og svo aðal númerið sjálfum "Lögum Unga Fólksins" á miðvikudögum rétt fyrir klukkan 20, 00 sem stóð í fjórtíu mínútur að meira að segja "Sleðabrekkan" í grennd við heimilið á vetrum stóð auð á þessum tíma.

Höfundur er minnisstæð kveðja í "Óskalögum Sjómannanna" til fjölskyldumeðlims um borð í togara frá Hafnarfirði og líklega einum af togurum Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar, eins og oft gerðist hjá honum á haustum á meðan síldarbatarnir lágu við bryggju og biðu næsta síldarúthalds á nýju ári. Heyrir hann þá að einn vina hans sendir honum kveðju og biður um lagið "All My Loving" - með The Beatles sem þá velgdi toppsætið. Þetta hefur verið haustið 1964. Söngur þessi var gefin út í júní sama ár og höfundur nýorðin 11 ára og hann bara krakki og enn leikandi sér í bófa- og bílaleikjum meðfram því að hlusta á Bítla- og aðrar hljómsveitir og þær íslensku sem komnar voru fram sem mögulega voru Hljómar. Mann hann enn þessa kveðju og lagið sem fylgdi með í óskalagaþætti þessum sem fyrir margt löngu hefur verið tekinn af dagskrá Ríkisútvarpsins.

Ekki má gleyma einu frá þessum árum. Þætti krakkanna sjálfrar kom að fréttaplutningi sem þau fluttu félaghópnum eftir að hafa lesið þau í Mogga eða hinum flokksblöðunum sem engin hafði neitt heyrt um áður og urðu auðvitað ofsaglaðir með þó með þessum hætti væri. Menn björguðu sér með ýmsum hætti og leituðu víða fanga.

Þeir tímar voru að sími var ekki til á hverju hafnfirsku heimili og kom sími inn í mín foreldrahús líklega ekki fyrr heldur en þrem, fjórum

árum eftir að við fluttum á heimilið í kringum 1960. Hús þetta var tveggja hæða timburhús sem í bjuggu tvær fjölskyldur og við á neðri hæð. Sími var til staðar á efri hæð og fengu sjómennirnir heima símanúmerið og leyfi húsráðanda til að hringja. Hringingum sjómanna var svarað með þeim hætti að húsráðandi uppi greip kúst og notaði enda hans til að banka með í eldhúsgólfið hjá sér sem við niðri skildum og móðir okkar fór upp og tók símtalið, vitandi sem er að á hinum endanum væri síldarsjómaður að hringja heim. Hvort maður fékk að koma með í þessi símaviðtöl mann ég ekki, þó vel hafi getað verið. Vikum saman voru þessir menn á sínum síldveiðum og hringdu kannski einu sinni á hverju úthaldi heim og ekki með öllu útilokað að strákur í kringum tíu ára aldurinn vildi heyra sem snöggvast í einhverjum þeirra hljóðið. Með komu eigin síma hætti þetta bank að ofan og skilið eftir handa minningabankanum og rifjað upp hér.

Síminn heimkominn og tengdur gerði að verkum að lengi vel tóku þrír sprækir bræður á sprett í átt að gjallandi símtækinu í keppni um hver yrði fyrstur til að grípa símtólið og segja orðið "Halló" í taltækið og má draga í efa að fleiri en tvær í mesta lagi þrjár hringingar næðu að klingja áður en tól var gripið og borið upp að munnni og lagt við eyra og vel þekktu orðið sagt. Fór svartíminn mest eftir því hvar strákar þessir væru staðsettir í húsinu sem oft var herbergið sem síminn var hafður í. Svona var þetta nú þá.

Fáum nú nokkrar The Kinks fréttir

The Kinks.- Uppruni.

The Kinks voru ein þessara hljómsveita sem komust til álna á Bítlaárunum og voru vel virtir af mörgum og fólki fannst nokkuð koma til. Eiga The Kinks enda til mörg ágætislög í sínum fótum. Flest af þeirra bestu lögum tilheyra gróskumiklum sjöunda áratug seinustu aldar sem gaf okkur mörg gullkornin sem enn glóir á hjá mörgu okkar sem við hlúum að með okkur sjálfum og varðveitum og ekki bara til að eiga frábærar minningar um liðna tíð heldur vegna gæðasmíða sem verðskuldi að lifa með okkur og við glæðum með annað veifið hlustun söngvanna. Allt svona sýnir og sannar að sé gott verk sem útilokað er að gerist með það sem slakara er. Segir sig sjálft.

Ólíklegt er að annar áratugur sögunnar skáki þessum ef undan er skilin hann sem Kristur sjálfur gekk um með sínum samtíma rétt eins og ég og þú í okkar. Á minni tíð er það sjötti áratuginn sem skarar framúr vegna alls sem þá var að ske og loftið beinlínis fullt af allskonar nýjungum og ekki bara í formi nýrra og frábærra söngva heldur og fatahönnuðar og slíks sem þá var aldeilis líflegt og fólk vildi eignast og líka klæðast og er komið á fullt skrið um miðbik þess áratugar. The Kinks voru eitt af þessum böndum sem leiddu. Mörg laga þeirra sem þá urðu til og vinsæl eru enn jafn fersk í dag (2016) og var er þau fyrst heyrdust og þá náðu að grípa mann og gera ennþá hálfri öld eftir útgáfudag sinn. Söngvar eins og, Sunny Afternoon, Waterloo Sunset, Lola, að einhverra sé getið eru söngvar sem erfitt reynist að fá leið á.

The Kinks má hiklaust telja með þeim böndum sem í hávegum voru höfð hjá ungliðum þessa tímabils hvort sem þeir voru Bítlaaðdáendur eða Rolling Stones aðdáendur og þrættu oft sín á milli um hvor þessara hljómsveita væri betri að þá stóð The Kinks samt utan þessarar merkilegu þrætna af þeirri ástæðu að máski báðar fylkingarnar nutu til jafns söngva úr herbúðum The Kinks.

Meira um The Kinks

Það sem meira er að segja um The Kinks er að hún er Bresk hljómsveit sem stofnuð var Muswell Hill í Norður- London árið 1963 af bræðrunum Ray- og Dave Davis. Þó hljómsveitin nyti ekki sambærilegra vinsælda á við The Beatles og The Who voru þeir samt taldir vera með þeim áhrifameiri á þessum gróskusama rokk tíma sem þá réð ríkjum í Bresku samfélagi sem náði að merkja sér svo margt hjá vissum aldurshópi og teygja sig langt út fyrir Breskt land. The Kinks voru partur af Bresku innrásinni til Bandaríkjanna er þeir komu þangað árið 1965 og héldu tónleika. Söngur Ray Davis "You Really Got Me" náði hátt í Bretlandi og komst í 10 sæti Bandaríska listans.

Ray Davies var alla tíð einn af liðsmönnum The Kinks og allt til endadags sveitarinnar árið 1996. Frá þeim tíma hafa The Kinks ekki spilað saman. Næstur í röð stofnanda er Davie Davis sem eins og bróðir hans Ray var með allt til enda 1996. Þá Mick Avory sem gekk frá borði 1984. Og loks Peter Quaife sem var með þeim til ársins 1966 og kom svo aftur til liðs við sveitina líklega síðar á árinu 1966 og er með til ársins 1969 er hann sagði endanlega skilið við sína gömlu félagi í The Kinks. Peter lék á bassagítar.

Eftir að Peter yfirgaf The Kinks 1969 stofnar hann eigin hljómsveit sem höfundur veit ekki nafnið á né heldur hvort einhver útgefin verk liggja á bak við. Peter Quaife er fæddur 31 desember 1943 og dáinn 23 júní 2010 og er þá 66 ára að aldri.

Líklegt er að þessi sé liðskipan hljómsveitarinnar er þeir mættu galvaskir á íslenska grund og héldu eftirminnilega og gríðar fjölmenna tónleika í Austurbæjarbíói í Reykjavík og voru þá í blóma eigin ferils og frægðar. Hljómsvitin lét verulega að sér kveða þá fjóra daga sem hún var stödd í landinu og hélt hvorki meira né minna heldur en átta tónleika í Austurbæjarbíó við Snorrabraut í Reykjavík og alltaf fyrir troðfullu húsi. Árið sem allt þetta fór fram á er 1965 sem um leið

útskírir hví fullt var út úr dyrum á öllum hljómleikum The Kinks. Sannarlega voru krakkar og unglingar heitir og rjóðir í kinnum af öllu þessu Bítlastandi sem hver nýr dagur færði þeim og voru því rúmlega tilbúnir til að hlusta á tóninum meira frá þessum og hinum hljómsveitunum sem komu en samt til þess að gera sjaldséðir hrafnar í landinu sem sumpart skírir líka gríðarmikinn áhugann loks er æskan fékk tækifæri til að mæta á alvöru rokktónleika við gaflinn heima hjá sér og hægt að koma sér á staðinn fótgangandi eða með strætisvagni sem gekk á milli bæjarhluta og tíndu upp farþega við stoppistöðvarnar á leiðinni og sumir þar á leið á tónleika í bóíó þessu.

The Kinks var ein hljómsveitanna sem hlustendur hlustuðu á í "Ríkisútvarpið Góðan daginn", Kanaútvarpið þó meira. Bar því ienda að sinna öðrum hlustendahópi en Ríkisútvarpinu var gert. "Kanninn" mætti hlustendapörf hermanna sinna á Keflavíkurflugvelli sem samanstóð að stærstum parti af ungu fólki.

Af þessu sjáum við sjáum að nokkur hiti er í liðinu vikunna sem The Kinks eru staddir í landinu og koma vel fram á þessum tónleikaröð sem hljómsveitin hélt þó höfundur hafi ekki mætt á neina af þeim og muni sjálfur ekki neitt sérlega vel eftir og svona frekar óljóst. Hver sem ástæðan er.

The Kinks hér og þar.

Árið 1965 var The Kinks talin hættulegasti keppinautur hljómsveitarinnar The Rolling Stones sem um margt þóttu svipa hvorar til annarrar. Í mars 1965 er forsprakki sveitarinnar Ray Davis nítján ára að aldri og búin að spila á gítar frá því hann var ellefu ára, en hafði áður en gítarinn tók að heilla verið við nám við leiktjaldamálun sem bendir til þess að snemma hafi hann ætlað sér stefnu inn á listabrautina í einhverju formi. Enda úr allmörgu að velja þeim megin línu standi hugur manna þangað. Er list ekki bara eitthvað eitt heldur margskonar. Þetta ár er bróðir Ray, David, sextán

ára og hætti skólagöngu fjórtán ára gamall og tók upp gítarinn. Pete Quaipe, bassaleikarinn er árið 1965 tuttugu ára að aldri og hafði lokið stúdentsprófi er hér er komið sögu og er fæddur í London. Mick Avory lamdi húðir í bandinu og er jafnaldri Pete og er eins og hann einnig fæddur í London.

The Kinks í Austurbæjarbíói

Priðjudaginn 14 september 1965 var loksins komið að því að íslensk ungmenni fengu að sjá og heyra eina vinsælustu hljómsveit í veröldinni stíga á svið með hljóðfæri sín og fremja gjörning þann sem gerði hana fræga. Daginn áður (13 september 1965) lenti þessi fríði flokkur ættaður frá Bretlandi til að skemmta landanum með efni því sem þeir höfðu í sínum fótum og fólk var tilbúið að taka frá af tíma sínum fyrir og koma til að heyra. Hljómsveitirnar Tempó og Bravó sem nutu talsverðra vinsælda í þessum tíma sáu um að hita salinn upp og gera undirbúin fyrir það sem á eftir kæmi. Skemmtikrafturinn knái og vinsæli í þann tíð Ómar Ragnarsson var kynnir. Klukkan 19,15 hófust herlegheitin og er líklegt að sé tíminn sem upphitunarböndin stíga fram á og flytja sína dagskrá. Hvenær The Kings stigu á svið er ekki gott að segja en fyrsta lagið sem þeir fluttu var söngurinn þekkti "You Really Got Me" og sá sem náði að æra allt liðið í sal og setja alla inni á talsverða hreyfingu með söngnum og geðhræringunni sem hann olli.

Tónleikarnir í Austurbæjarbíói í september 1965 voru fyrstu tónleikarnir á Íslandi sem flokka má með alvöru rokktonleikum á íslenskri grund og stemmningin sögð vera eftir því með ægilegum öskrum að hætti alvöru Bítlastemningar. Að öskra var partur sjöunda áratugarins og það sem gildi þá, virðist manni alltént í kringum allar þessar frægu hljómsveitir hver á eftir sem skíringin á kanna að vera. Kannski fengu krakkarnir bara útrás og kannski lágu aðrar ástæður til grundvallar öllum hrópunum. Allavega voru þau þarna með og einskorðuðust ekki bara við The Beatles á sviði þó hæst færu þar.

The Kinks bregða sér í skoðunarferð



Hver átti uppástunguna að ferðinni sem The Kinks fóru í er ekki vitað og máski bara kominn frá liðsmönnum sveitarinnar sjálfum en er samt staðreynd að farin var og að þeir hafi brugðið sér út fyrir borgarmörkin á meðan dvöl þeirra í landinu stóð árið 1965 og skoðað nágrenni Reykjavíkur. Á settum tíma biðu félagarnir á anddyri hótlesins sem þeir dvöldu á og er Hótel Borg sem flestir vita hvar er staðsett í borginni, og létu fara vel um sig í bakháum stólum sem þar voru, á meðan á krakkar og

unglingar þustu að og klesstu nefi upp við rúðu og hrópuðu til liðsmanna sveitarinnar: "Kinks, Kinks! Þeir eru að koma" eða álíka vígorð. Kom svo ferðabíllinn (rútan) og fjórmeningarnir Ray, Dave, Pete og Mick, ásamt tveim fararstjórum gengu út í sólskinið. Á samri stund varð uppi fótur og fit á gangstéttinni og ungpjúr veifuðu bréf sneplum í von að fá á þá ritaða eiginhandarundirskriftir, sem engin tími gafst til að sinna í þetta skipti, við sjálfsagt mikil vonbrigði margra sem staddir voru þarna á gangstéttinni. Val fjórmeninganna var að sinna engu slíku þennan dag og njóta þess í stað í botn ferðalagsins framundan og hugsa um það eitt. Enda talsvert skárri en að vera lokaður inn í búi eins og fuglar.

Eftir talsverða samgönguerfiðleika inn í bílinn tókst öllum að sleppa inn. Ástandið fyrir utan mátti sumpart líkja við fuglabjarg - þó á lengdar stæði virðulegur almúginn af eldra kyni og virti fyrir sér með stórum augum alla þessa vesalings krakka sem þarna voru svo ráðvilltir og veifandi blaðsneplunum með enga skrift á frá hetjunum sem komnir voru inn í bifreiðina og sestir þar.

Lét Pete hafa eftir sér er bifreiðin stöðvaðist við rautt ljós á leiðinni út úr bænum og að þustu unglingar, að fyrst er hann hafi kynnst þessu, liði honum eins og þeir væru apar í sýningabúri, en sé nú kominn á þá skoðun að þetta séu aparnir. Og átti þá við unglinganna sem komu hlaupandi að. Var bifreiðin þá stödd á Lækjargötu í Reykjavík og ferðin rétt hafin. Peter benti á skarann sem hljóp þarna með bílnum.

Dagurinn sem valin var til ferðarinnar var hinn fegursti og skartaði Esjan öllum sínu fegurstu litum sem fyrirfinnast á íslensku hausti.

Ferð var heitið til Þingvalla og Hveragerðis með viðkomu að Reykjum í Mosfellssveit.

Lét þá Ray Davis hafa eftir sér að þetta landslag minnti sig á Skotland um leið og hann virti fyrir sér fjallahringinn og bifreiðin brunaði framhjá Korpúlfstöðum sem að líkindum er ennþá í rekstri er ferð þessi var farinn með sinn hóp af mjólkandi kúm sem komu í fjós kvölds og morgna til að hægt væri að yfirfæra mjólk júgranna yfir í tanka og eða á brúsa.

Bifreiðin renndi í hlað að Reykjum og var húsráðandi og allt hans heimafólk á hlaðinu í móttökunefndinni. Tvær heimasætur á Reykjum komu hlaupandi til þeirra með myndir er þeir stigu út úr bifreiðinni og reyndist þeim létt verk að fá þær áritaðar. Samuel Curtis, farastjóri The Kinks, deildi út myndum með hljómsveitinni og allir á staðnum komust í sjöunda himinn. Með þeim í ferð þessari voru liðsmenn Bravó og Tempó, í þá annarri bifreið. Húsráðandi bauð öllum sem komnir voru að skoða hjá sér dælustöðina sem hinir Bresku ungu

menn höfðu aldrei áður komist í kynni við. Og þurftu þeir margs að spyrja um hana sem húsráðandi leysti úr og svaraði greiðlega hverri spurningu frá þeim.

Var nú haldið til hestagirðingarinnar og biðu þeirra þar átta valdir gæðingar. Smábítlarnir, eins og liðsmenn Bravó og Tempó voru kallaðir í samantektinni sem vitnað er í, brugðu sér á bak við til knattspyrnuleiks þar sem Bravó atti kappi við Tempó. Úrslit eru ekki kunn. Í augum liðsmanna The Kinks er íslenski hesturinn smáhestur og nánast dverghestur og vel skiljanleg afstað manna sem vanir eru Enskum hestum sem eru talsvert stærri þeim íslensku. Húsráðandi útskírir kosti þeirra, tölt, brokk, skeið og fleira í þá áttina. Pete verður fyrstur til að stíga á bak, en af einhverjum orsökum tekur hestur hans á rás, svo að litlu mátti muna að hann dytti af baki við hið snögga viðbragð. Hestahirðinum á bænum tókst að grípa í taumanna og afstýra óhappi. Húsráðandi og hestahirðirinn aðstoða hina við að koma sér á bak. Alla nema Ray sem stóð á lengdar og fylgdist með hinum og brosti á milli út á annað af tilburðum félaga sinna en fór ekki með í hestaferð þessa og varð eftir heim á bæ. Og að því kom að öll lestin hélt af stað með dóttir húsráðanda í fararbroddi sem vísaði gestunum leiðina. Í fyrstu er aðeins farið fetið. Að lokum tók hjörðin viðbragð og hvarf í rykskýi, sem þyrlast upp á veginum af öllum hófunum.

Að nokkrum tíma liðnum riðu menn í hlað og voru himinlifandi yfir skemmtilegri ferð og lentu sumir í mestu vandræðum með að finna nógu öflug og réttu lýsingarorðin til að lýsa öllum gæðum skepnanna. Og sagði einn þeirra við þetta tækifæri að menn þyrftu ekki annað en að blístra til að stöðva hrossið.

Í íbúðarhúsinu á Reykjum í Mosfellssveit voru margir Bítlar saman komnir daginn sem hersing þessi kom akandi og var samkoman öll hin skemmtilegasta og hrifning heimasætanna vart lýsanleg sem skyndilega og óvænt höfðu sín átrúnaðargoð komna í heimsókn og

engu líkra en að þeir hafi dottið niður úr skýjunum. Og hvað var merkilegra þessu? Það er spurning.

Á leiðinni til Þingvalla var Kinks æði í "Óskalagabætti Sjómannanna" og fannst þeim einkennilegt að heyra allt einu lagið "Something Better Beginning" og sagði Ray við það tækifæri að þeir hefðu aðeins leikið þetta lag einu sinni, er honum var tjáð að akkúrat þetta lag væri eitt það vinsælast með þeim hjá íslenskum unglingum. Játáði hann að hann hefði hreinlega verið búinn að gleyma þessu lagi og bætti við að þeir hafi leikið það inn á hljómplötu - og búið.

"Kannski væri ekki úr vegi að gefa það út á tveggja laga hljómplötu" - sagði Ray hugsandi á svipinn.

Við Almagnagjá var áð. The Kinks liðar prfluðu upp á hraunbreiðuna og nutu þaðan útsýnisins. Farastjórinn áminnti piltanna um að fara varlega, gæta sín á sprungunum og fara ekki of nærri brúninni.

Þaðan var haldið yfir á Peningagjá. Að loknum hádegisverði á Hótel Valhöll var haldið niður að vatninu þar sem biðu þeirra bátar og róid út á vatnið. Sagt var að bílarnir í landi hafi verið búnir að flaut á þá í hálf tíma áður en bátverjar út á vatninu heyrðu til þeirra og drifu sig í aftur land. Var nú degi tekið að halla og enn eftir einn viðkomustaður Hveragerði þar sem Kinks- liðum var sýnt gróðurhúsið og að lokum leystir út með blómum.

The Kinks gáfu út á ferli sínu 24 hljómplötur og koma sú fyrsta út 1964 og hlaut nafnið Kinks. Hinar komu út nokkuð jafnt og þétt allt til ársins 1993 er út kom með bandinu hljómplatan "Phopia" sem að sjá er þeirra seinasta plata. Forsprakki The Kinks og aðallagahöfundur sveitarinnar og aðilinn sem samdi öll þeirra lög Ray Davis hefur gefið út 3 sólóplötur og kom sú fyrsta út 1985 og heitir "Return To Waterloo" og eina Live plötu "Other People's 2006" Textar Ray Davis þótti -nokkuð innihaldsríkir og oft hinir ágætasta smíð. Hvort Ray sé enn að þekkir höfundur ekki.

Endum samantektina um The Kinks með broti úr viðtali við Ray Davis sem Skarphéðinn Guðmundsson tók og birtist á Mbl.is 8 júní 2000:

"HALLÓ," heyrir frá hinum enda línunnar eða réttara sagt bylgjunnar. "Halló! - halló!" Röddin ráðvillt en kunnugleg þó.
- "Herra Davies?" Blaðamaður er viðlíka ráðvilltur og talar háum rómi svo að bylgjan beri hann nú örugglega alla leið. "Herra Davies heyrirðu í mér?"

- "Halló, þú þarna hinum megin, ég held að þú verðir bara að hringja aftur, ég heyrir ekkert í þér..."

Blaðamaður leggur á og slær símanúmerið inn á ný. - "Jæja, heyrirðu núna í mér?"

- "Já blessaður, blaðamaðurinn frá Íslandi geri ég ráð fyrir?"

- "Jú, það passar. Hvar ertu eiginlega niðurkominn, ef ég leyfi mér að gerast svo nærgöngull?"

- "Sambandið er svo slæmt af því að ég er í farsíma, þú verður að fyrirgefa mér. Ég er staddur á Írlandi og er einmitt núna á leið til Galway til að flytja "Storyteller"-dagskrána mína... Bíddu ég ætla að stoppa bílinn ... svona, nú er ég klár."

Þú ert að fara að endurnýja kynni þín við Ísland, hvernig leggst það í þig?

"Það leggst ákaflega vel í mig skal ég segja þér, það er orðið allt of langt síðan ég sótti landið heim síðast og ég get ímyndað mér að ansi margt hafi breyst. Ef ég man rétt hef ég spilað þar tvisvar áður og eftir standa einungis ljúfar og góðar minningar, sérstaklega frá fyrri ferðinni. Hún var alveg einstök og ég minnst hennar glöggt því að þá virtist vera algjört Kinks-æði á Íslandi."

Kjafthögg Kinksaranna


Ray er að tala um það þegar Kinks komu hingað til lands í september árið 1965 á hátindi frægðar sinnar og ekki nóg með það heldur einnig á hátindi Bítlæðisins hér á landi. Þá höfðu þegar á því ári komið nokkrir minni spámenn og gert góða reisu miðað við aðstæður en þegar Kinks komu ætlaði allt að verða vitlaust. Kinksarar, eins og þeir voru stundum kallaðir hérna, héldu tvenna tónleika í Austurbæjarbíói og gerðu æsku landsins þar með kleift að þreifa berum og sveittum höndum á einni mestu tónlistarbyltingu sögunnar. Eftir að unglingsböndin Bravó og Tempó höfðu lokið sér af voru hráir og háværir upphafshljómarnir í "You Really Got Me" sem vænt kjafthögg á viðstadda og sveitin vann sér varanlegan sess í hugum þeirra. "Ég man vel eftir þessum mögnuðu viðbrögðum," segir Ray, "öll heimsóknin var mjög ruglingsleg, allt of stutt og tvennir tónleikar sem mæltust alveg ótrúlega vel fyrir. Svei mér þá, þegar ég hugsa út í það er þessi heimsókn hreinlega einn af mínum hápunktum. Viðbrögðin komu okkur svo í opna skjöldu, þessi gríðarlega stemmning og sanni tónlistaráhugi." Nýbakaðir og aðrir vanari Kinksaðdáendur héngu í rigningu og sudda fyrir utan hótelið þar sem sveitin gisti og í einhverjum látum fótbrotnaði ung stúlka og öðlingarnir sem stórstjörnurnar voru tóku sig til og heimsóttu hana á spítalann og skrifuðu nöfn sín á gifsíð.

Manstu eftir þessari spítalaheimsókn?

"Já svona óljóst. Aumingja stúlkan, ég vona að árin hafi verið góð við hana."

- "Það gekk víst ansi brösulega hjá foreldrunum að reyna að ná gifsinu af."

The Who



--- Enn hugsar höfundur

Umhverfi höfundar og samtíma hans í Hafnarfirði var svolítið öðruvísi á tímum þeim sem Bítlar og Rollingar og allar hinar hljómsveitirnar óðu þar um með söngva sína. Þar er samt enn margt furðu líkt og var er maður sleit þar barnsskónum og hús það sem maður ólst upp í (Sjá mynd neðar) enn nákvæmlega eins útlítandi og þá var og má reikna með að innanstokks sé eins háttað, þó aldrei hafi maður komið þar inn fyrir dyr síðan flutt var úr því árið 1976 og aðeins litið það augum frá götunni en oft dreymt um að fá að skoða það innan til að rifja upp og sjá hvort allt sé með sama hætti og áður var. Sem höfundur reyndar

skilst að sé. Eftir að við fórum var rekið á hæðinni barnaheimili í áratugi sem útskírir girðinguna sem ekki var á meðan við bjuggum þar. Samkvæmt vitund höfundar er neðri hæðin í dag íbúð.



Hið góða við þetta gamla hverfi í Hafnarfirði, sem ku vera með þeim elstu þar í bæ, að mörg húsanna hafa gengið í endurnýjun lífdaga og verið endurbyggð og sum frá grunni, sem er þakkarvert

framkvæmd.

Sum þessara húsa voru minni en voru svo stækkuð. Furðanlega mörg eru enn í sinni upprunalegu mynd eins og var á þeim tímum er allar þessar hljómsveitir heyrðust glynja út um glugga sumra þessara húsa af krökkum og unglingum haldin Bítlaæði og heilluð af hverju sem þaðan kom og um fátt meira rætt. Þó inn á milli bæru síldveiðarnar á góma samanvið pælingar um vertíðarbátana, togararana, siglingar togara og hvernig hver togari seldi ytra á tíma siglinganna á haustin. Allt hefur þetta vikið fyrir ýmsu öðru í bænum þó miklu máli hafi skipt obba bæjarbúa þá en vék fyrir öðrum gildum sem tóku yfir í bænum sem angar af logninu á fögrum sumarkvöldum og er nú laus við fnykinn sem stafaði frá bræðslunni Lýsi og Mjöl á Hvaleyrholti og hét í bænum "Peningalykt." Einnig fnykurinn er farin en eitthvað af húsunum eftir sem hýstu þessa ágætu verksmiðju og merkilega framtak.

Út um þessa sömu glugga í vesturbænum mátti líka heyra hrópað: "Æ góði lækkaðu þetta Bítlagarg. Hávaðinn drepur mann. Maður getur

ekki hugsað heila hugsun." Og stundum líka þetta: "Ætla þessir Bítlar ekki að fara að hætta svo einhvertímann þagni í þessu húsi?"

Sjöundi áratugur seinustu aldar var merktur allskonar svona á tímum sem hús voru í einu og öðru ásigkomulagi og oft verið að spara málninguna utan á þau og bárujárnið þakið mörgum ryðblettum sem stundum náðu að búa til göt á það svo látið vera langa hríð.

Húsið heima var eitt þessara húsa sem "gleymdist" að mála árum saman og komið með ryð á járn og sumstaðar gat á í gegn uns menn frá bænum mættu með hamra sína og kúbein og síðar málningarfötur og málningarrúllur og gengu í verkið að skipta um járn og glugga á suður og vesturhlíð og allt málað þeim lit sem myndin sýnir og hefur haldist við þetta hús. Allt á seinni helmingi Bítlaáranna.

Að vilja eyða út sögunni og gleyma öllu kofadraslinu er um leið að vilja afmá part af sannleika eins bæjarfélags sem komandi tímar munu ekki verða hrifnir af. Að þeirri stund mun koma að uppi er kynslóð sem vill vita uppruna sinn og hvernig menn lifðu og bjuggu áður. Til þessarar vakningar eru bæjarfélögin hringinn í kringum landið að komast og byrjuð að taka sér taki. Þó betur megi gera er það sem komið er gott.

The Who. Uppruni.

Þó The Kinks hafi komið hingað til lands til hljómleikahalds voru frægar hljóm sveitir á toppnum ekki algeng sjón í landinu á þessum tíma. Líklega hafði kostnaðurinn við að fá þær hingað ráðið úrslitum um að ekki komu fleiri frekar en að þær sjálfar hafi ekki viljað það. Er enda Ísland fámennit land með kannski aðra mynd á sér þá en gildi. Ekki var óalgenget að menn nefndu snjóhús er Ísland bar á góma. Þekkingin var ekki mikill og við ekki miðja alheimsins eins og við stundu létum sjálf í veðri vaka. Allt hefur þetta breyst og Ísland komið á kortið en er samt ekki miðja alheimsins frekar en áður.

Hvað um það að þá voru til sveitir sem heimsbyggð öll orðið þekkti og tróðu upp hér og hvar í löndunum og seldu afurðir í stórum upplögum. Má því segja að sjöundi áratugurinn hafi um leið verið tími gríðarlegrar hljómplötusölu sem máski hefur ekki orðið meiri.



The Who var eitt bandanna sem fór mikinn og gat sér orð á tónlistarmarkaðnum fyrir framlag sitt og fagra söngva sem hrifu og fólkið eignaði sér. Hver að dæmi sé tekið mann ekki eftir söng The Who "My Generation" þar sem söngvari stamar í laginu og gerði með þeim hætti eftirminnilegra en annars hefði orðið. Sagan á bak við stamið er að söngvarinn knái var svo stressaður er kom að upptöku lagsins að það hafði áhrif á söng hans með þessum hætti og þeir eftir hlustun ákváðu að

hafa bara áfram eins og það kom út. Og var rétt ákvörðun því ljóst er að þetta lag fékk á sig allsérstakan blæ með stami þessu og hiksti. Stundum koma tilviljanirnar að með skemmtilegum hætti.

Saga The Who má rekja allt til ársins 1962 er skólafélagarnir Townshend og Entwistle gengu til liðs við hljómsveit Deltreys, The Detours. Hljómsveit þessi fékk nokkur tækifæri til að koma fram um þessar mundir og lék lög sem hæst fóru þá og ekki sín eigin. Sem og var ekki algengt að músíkkantar á þeim tíma létu hafa sig í. Aðrir

tímar voru þá en síðar varð. Áður voru þeir kvintett, sem merkir að fimm voru á sviðinu, eða þar til Daltrey snéri sér að söngnum í stað gítarleiks áður. Ástæðan fyrir að hann leggur frá sér gítarinn og grípi hljóðnemann og byrji að syngja er að hljómsveitin hafði átt í erfiðleikum með að finna sér söngvara sem þeim líkaði. Eftir þær breytingar allar saman stóð Townhend eftir sem eini gítarleikarinn. Þá var með þeim trymbill sem Dougie Sandom heitir. Næsta skref sem strákarnir tóku var að breyta nafni hljómsveitarinnar er þeir fréttu að önnur hljómsveit hétí sama nafni og þeir fram að þessu hefðu notað, sem auðvitað gekk ekki til lengdar og varð að gera breytingar á. Þá kom fram nafnið The Who. Og ýmislegt byrjar að rekja sig sem greiðir götuna fyrir þá þangað sem líklegt er að liðsmenn nýstofnaðrar The Who stefndu. Stuttu eftir nafnabreytinguna kynnst þeir umsvifamiklum hurðarhúnaframleiðanda sem bíður þeim að verða umboðsmaður þeirra. Sem þeir urðu við og gekk það samstarf ágætlega. Hann útvegaði bandinu verkefni, hirti sjálfur ágóðan og hafði meðlimi sveitarinnar á launum sem ekki er vitað hve mikil voru. Dálitlu síðar rekur á þeirra fjöru þeirra tungulipur blaðamaður, Pete Meaden, sem vildi breyta ímynd þeirra allverulega frá því sem verið hafði. Markaðurinn og markaðssetningin lætur ekki að sér hæða og ýmsar hugmyndir komið fram til að heilla hann og fá til að horfa á þetta verk og hitt. Með breytingunni vildi maður þessi meina að hún gæti gengið vel í uppakynslóð þeirra tíma. Og tungulipri blaðamaðurinn vildi ganga lengra en þetta og hvatti þá til að breyta nafni sveitarinnar og kalla eftirleiðis "High Numbers" og kynnti tískuna fyrir þeim sem þá gekk í Carnabystræti. Að lokum samdi hann fyrir þá lag sem hann var viss um að gengi í hópinn sem hann vildi höfða til. Lagið hét "I'm The Face" sem þrátt fyrir miklar auglýsingar seldist ekki neitt.

Varðandi lag þetta sem maðurinn sagðist hafa samið sjálfur kom í ljós að var bara nýr texti sem gerður hafði verið við annað lag sem heitir "Got Love If You Want It" og er eftir Slim Harpo nokkurn og kom út með honum á tveggja laga hljómplötu árið 1957. Þetta var árið 1964.

Slim Harpo þessi var skírður James Isaac Moore. Hann er fæddur 11 janúar 1924 í Lobdell í Louisiana í Bandaríkjunum og lést 31 janúar 1970, aðeins 46 ára gamall og varð þekktur undir hinu nafninu. Slim var Bandarískur Blús tónlistarmaður sem skildi eftir sig grúa hljómplatna bæði tveggja laga og LP hljómplötur.

Áfram með sögu The Who

Enn leið nokkur tími án þess að hljómsveitinni tækist að ná neinum árangri með aðferðum þeim sem ágætur Meadens vildi beita. Að vísu mátti finna talsvert að spilamennskunni, Dougi Sandom hafði hætt og þeir þurft að notast við hina og þessa afleysingamenn. Kvöld eitt birti til og úr ýmsu fór að rætast. Á hljómleikum sem haldnir voru á Royal Oldfield hótelinu, hafði ungur maður sig nokkuð frami í áhorfendahópnum sem kvaðst getað leikið miklu betur á trommurnar en hann sem sat þar og beitti kjuðunum. Þessum uppivöðslusama strák var leyft að spreyta sig. Og Keith Moon var ráðin. Svona rekur þetta sig nú stundum.

Svo virðist sem að hljómsveitin hafi breytt nafni The Who og tekið upp nafnið "Hight Numbers" eins og umboðsmaðurinn á sínum tíma lagði til að þeir gerðu því að þegar Keith Moon gengur til liðs við þá er þetta nafn það sem notað er á hljómsveitina. Með komu Keith Moon batnaði spilamennskan til muna, og fór fólk að veita hljómsveitinni athygli. Tungulipri blaðamaðurinn Pete Meaden sem tók að sér hlutverk umboðsmannsins hafði ótal hugmyndir um eitt og annað sem hann vildi sjá hljómsveitina gera en hafði ekki neina peninga til að hrinda þeim í framkvæmd. En þeir verða víst að vera með í öllu svona.

Stutt eftir þetta héldu þeir tónleika á Railway hótelinu, sem áttu eftir að verða afskaplega afdrifaríkir. Fyrir það fyrsta að þá voru þarna staddir þeir Kit Lampert og Chris Stamp, sem hrifust mjög af leik

hljómsveitarinnar og kröfðust þess í framhaldinu að fá stöðu umboðsmannsins, sem var samþykkt og ágætur Pete látin víkja.

Hitt atvikið sem átti eftir að breyta svo miklu fyrir sögu hljómsveitarinnar og framgang allan en var til að byrja með frekar lítilvægt, Pete Townshend braut þarna fyrsta gítarinn sinn ekki viljandi heldur fyrir algera slysi. Atvikið vakti engin viðbrögð fólks í sal. En þar sem gítarinn var brotinn hélt Pete verkinu áfram og mólvaði hljóðfærið í smátt. Nú var áhuginn vaknaður og fannst fólkinu þetta gaman sem vakti hug Keith Moon sem gekk að trommusettinu og jafnaði við jörðu. Viðbrögð áhorfenda voru með þeim hætti að æ síðan endaði hjómsveitin tónleika hjá sér með þessum hætti.

Í kjölfar umboðsmannaskiptanna var nafni hljómsveitarinnar en breytt og hét aftur The Who.

Næst fara The Who- liðar að huga að plötuútgáfu, einsog eðlilegt telst með framsækna tónlistarmenn og allt komið í gang þarna út í Englandi af völdum The Beatles.

Dag einn útvegur Lambert, Townshend upptökutæki og kom hann skömmu síðar með demo- upptöku af söngnum "Can't Explain" sem upptökustjóri The Kinks, Shel Talmy, tók síðan upp fyrir Who ásmat að útvega hljómsveitinni plötusamning við Decca. Lagið náði þokkalegum vinsældum og eftir að það kom fram í Top Of The Pops þættinum í Breska sjónvarpinu, jukust þær nokkuð og náði lagið að komast í 8 sæti Breska vinsældarlistans, og The Who komnir á skrið. Það var Pete Townshend sem samdi lagið sem kom hljómsveitinni á blað.

Fjórum mánuðum eftir að fyrsta smáskífa frá Who kom út var komið að útgáfu næstu smáskífu. Og var það lagið "Anyway, Anyhow, Anywhere" sem fór í 10 sæti vinsældarlistans. Lagið var fyrir ýmsa hluta sakir nýtarlegt. Í því var að dæmi sé tekið notað "feedback",

sem þá var óþekkt fyrirbæri í tónlist. En sjáum við að sjöundi áratugurinn reið á vaðið um margt sem seinna þótti sjálfsagt og er máski enn að einhverju leiti notast við. "Feedback" notkunin á plötunni gerði að verkum að útgáfufyrirtækið sendi upptökuna til baka með þeim orðum að vera gölluð og að eitthvað torkennilegt hljóð hefði slæðst með inn á upptökuna, sem segir okkur að ekki einu sinn þeir hafi þekkt þetta hljóð (sánd) sem þarna var notað. Lag þetta var notað sem kynningarstef fyrir sjónvarpsþáttinn "Ready, Steady, Go."

Priðja smáskífa ársins 1965 frá hljómsveitinni The Who kom út 29 október 1965 og sló ekki bara hinar út hvað sölu áhrærði heldur vakti hún gríðarlega athygli. Á henni er lagið "My Generation" að finna og þótti vera einkennandi fyrir hugsunarhátt ungs fólks um þær mundir.

Í kjölfar þessar smáskífa kemur fyrsta breiðskífa The Who út og ber hún nafnið "My Generation" með útgáfuárið 1965. Eftir útgáfu stóru plötunnar fékk hljómsveitin fleiri og betri tilboð en áður og spilaði víða. Platan seldist þó ekki eins vel og ráð var fyrir gert eftir allar vinsældirnar sem smáskífulögin færði þeim, þó ekki sé hægt að segja að hún hafi selst illa. En þrátt fyrir talsverðar tekjur var hljómsveitin þó alltaf rekin með tapi. Ástæðan? Jú, liðsmenn The Who þurftu að kaupa sér ný hljóðfæri fyrir hverja hljómleika vegna þess að þeir héldu þeim síð sínum að eyðileggja þau í lok þeirra. Sjá má af þessu hversu varsamt það hefur verið að klappa þá of mikið upp.

Hljómplötur The Who

The Who gáfu út á ferli sínum 11 hljóðversplötur og kom sú fyrsta eins og áður segir út 1965 og önnur 1966 sem fékk nafnið "A Quick One." 1967 færði okkur plötuna "The Who Sell Out." 23 maí 1969 kom út verkið "Tommy" sem var tvöföld hljómplata og varð afskaplega vinsæl með þeim. Hugmyndin að þeirri plötu kom frá Pete Townshend og hófust upptökur í september 1968 og lokið við þær hálfu ári síðar. Tommy hefur verið metin sem afskaplega merkilegt

innlegg í sögu Rokktónlistar. Upprunalega platan hefur selst í 20 milljón eintökum og verið flutt á sviði. 1975 gerði leikstjórinn Ken Russell kvikmynd sem hann ásamt Robert Stigwood framleiddu og Ken leikstýrði og byggir á þessari sögu. Bíómyndin "Tommy" vann til verðlauna og var valin besta rokk bíómynd ársins 1975.

The Who. - Fréttir

1978 hafði ekki mikið heyrst frá The Who frá árinu 1975. En þá fer aftur að bæra á þeim og hófst það ferli með þeim 500 ungmennum sem boðnir voru sérstaklega í B upptökusalinn í Shepperton, en þar var verið að ljúka kvikmyndun á nýrri kvikmynd sem The Who voru að gera um sig sjálfa. Myndin sem hér um ræðir hlaut nafnið "The Kids Are All Right"

Hljómleikar þessir sem með þessum hætti var boðað til komu óvart að ekki sé meira sagt, en þóttu þegar upp var staðið nokkuð góðir og gefa góð fyrirheit um væntanlega kvikmynd og tvöfalda hljómplötu sem gefin verður út um leið og kvikmyndin var tekin til sýningar. Reyndar var önnur plata frá The Who einnig væntanleg og er þar að finna lög eftir þá Pete Townshend og John Entwistle, bassaleikara hljómsveitarinnar.

1978 hafði Pete í ýmsu að snúast því hann, eins og margar aðrar poppstjórnur þess tíma, hafði tekið að sér unga og upprennandi hljómsveit upp á arma sína. Hljómsveitin sem hann á þessum tíma fóstraði heitir "The Skunks" sem höfundur veit engin deili á né þekkir hver framvindan varð hjá.

1978 var margt að gerast hjá The Who því í kjölfar heimildarmyndarinnar um hljómsveitina og til að fylgja henni eftir á sæmandi máta var farið út í gerð nýrrar kvikmyndar byggðri á plötu hljómsveitarinnar frá árinu 1973 og heitir "Quadrophenia." Í september 1978 var gert ráð fyrir a upptökur hæfust og fjallar hún um,

eins og allir þeir þekkja sem vita deili á áður nefndri hljómplötu, um ákafana áhanganda hljómsveitarinnar sem fylgir henni eftir hvert sem hún fer, en sagan gerist að stærstum hluta í þaðstrandarbænum Brighton í Bandaríkjunum. En svona til gamans má geta þess að í Brighton bjuggu árið 2010 7, 444 manneskjur þar.

Margir töldu plötuna "Quadrophenia" vera talsvert betra verk frá The Who heldur en "Tommy" og má alltént reikna með að þeir, að minnsta kosti, hafi beðið eftir þessari nýju kvikmynd.

Það sem meira er að segja um þetta verkefni er að kvikmyndin "Quadrophenia" kom út í október árið 1979 og er rokkópera sem lauslega er byggð á hljómplötunni með sama nafni og fjallar um svokallaða "Mod" kynslóð Breskra ungmenna á þeim tíma. "Mod" var lífstíll kaldra karla sem áttu sér sína eigin "Mod" klúbba og þöndu síst af öllu keppinauta sína "Rockers". Í "Quadrophenia" kynnumst við ungum "Mod" sem ögrar foreldrum sínum með klæðaburði sínum og háttalagi. Phil Daniels leikstýrir verkinu og fer jafnframt með aðalhlutverkið. Þar má sjá nafn Carry Cooper sem fer með eitt hlutverkanna í myndinni.

Kvikmyndin "Quadrophenia" var sýnd í íslenska sjónvarpinu 28 júlí 1994.

Fleiri fréttir

Keith Moon trommuleikari The Who er fæddur í Lundúnum 23 ágúst 1947. Hann lést 7 september 1978 eftir að hafa innbyrt of stóran skammt af læknaðopi og var þá staddur á sama hóteli og sama herbergi og Mama Cass söngkona lést í. Mama Cass lést 29 júlí 1974.

Eftir andlát Keith var gefið út að The Who myndi halda áfram að starfa saman þrátt fyrir svipleget fráfalið trommuleikara bandsins en þess jafnframt getið að líklega yrði nafni hennar breytt, sem eins og

kunnugt er varð ekki af. Á þessum tíma átti The Who fimmtán ára starfsafmæli og nýbúin að gefa út nýja plötu sem fór hátt á vinsældarlista um allan heim. Keith Moon var vel látin trommuleikari þó aldrei væri hann skrifaður með þeim bestu og fremstu í faginu. Hann þótti góður vinur vina sinna.

27 júní árið 2002 féll frá John Entwistle, einn af stofnendum The Who, og var komið að honum á hótélherbergi sínu í Las Vegas. Hann var 57 ár er hann lést af hjartaslagi. Hafði hann átt við hjartamein að stríða og var með lyf við því. Hann fæddist 9 október 1944.



John Entwistle (til vinstri), ásamt Roger Daltrey og Pete Townshend.

Gert til gamans og vonandi einnig fróðleiks.
Kveðja: KRF